# Til lesendanna

Kæru fjelagsmenn!

Jeg býst við því að yður þyki kominn tími til þess að nefndin, er kosinn var á síðasta fundi til þess að sjá um útgáfu „Viljans" í vetur, fari að láta sjá einhvern ávöxt iðju sinnar, og er það ekki nema eðlilegt. En vjer huggum okkur við það, að þjer hafið haft nóg að hugsa og gjöra í góðu tíðinni, og afsökum þann drátt, sem orðið hefur á útgáfu blaðsins með því, að vjer höfum ekki komist til þess fyr.

— Eins og þjer vitið þá er þetta fimmti veturinn, sem nú er byrjaður frá því að „Viljinn" var vakinn til lífsins í fyrsta sinni, og hefur hann því náð töluvert hærri aldri á mali kvarða sveitablaðanna hjá oss, eða að minnsta kosti þar sem jeg hef haft sögur af

Það er langt frá því, að Viljinn okkar sje með fyrstu sveitablöðunum sem hafa verið hleypt af stokkunum — Mörg hafa risið upp bæði á undan honum og samhliða, en fæst náð háum aldri; heldur lagst til hvíldar áður en þau komust af óvitaaldrinum — ef svo mætti að orði komast.

„Úr hverju dó hann“, spyrjum vjer vanalega þegar vjer frjettum lát einhvers, og eins býst jeg við að þjer spyrjið þegar yður er sagt að þetta eða hitt sveitablaðið sje gengið veg allrar veraldar. Jeg er vitaskuld enginn „doktor“ í læknisfræði en samt ætla jeg að svara þessari spurningu.

Það er eitt sem stendur framförum okkar Íslendinga svo tilfinnanlega fyrir þrifum, og það er ótrúin á allar nýungar.

Sú trú er mikið ríkjandi hjá oss, ekki síst hjá eldra fólkinu að öllu sje að fara aptur, og að efnahagur vor sje lakari nú en áður, og álíta gömlu mennirnir að það sje breytingunum að kenna. Þeir vilja því helst halda flestu í sama horfinu að svo miklu leyti sem þeir megna, og af því hafa sveitablöðin hlotið að drekka dauðabikar sinn opt og tíðum; eða hversu opt höfum vjer ekki heyrt aðrar eins setningar og þessar þegar talað hefur verið um sveitablöð: „Jeg man það í mínu ungdæmi að ekki var verið að þessu. Þá var tíminn notaður betur en nú enda leið mönnum þá skár. Skyldi það ekki vera betra fyrir þá að „taka í sokk eða draga í kamb en að sitja við að skrifa þessi blöð sem eru til þess að vekja óvild manna á milli“, og svo frama.

En þá er annað sem hefur reynst tilveru sveitablaðanna enn þá hættulegra, og það eru ritdeilurnar.

Það er ekki nema eðlilegt, þegar blað er gefið út af heilu sveitafjelagi, sem

allir hafa frjálsan adgang ad skrifa í
ad eigi verdi allir á sama máli enda
er það gott, því það kemur ~~til~~ rithöf-
undunum til ad skoda málefnin frá fleiri
en einni hlid. Skynsamlegar ritdeilur
eru því ad mínu áliti ágætar til
þess ad skerpa skilning vorn á hlut-
unum í kringum oss, og auka dóm-
greind vora.

En það er med ritdeilurnar – einsog
flest annad í heiminum – ad medalhófid
er vandratad, ekki síst hjá rithöfundum
sveitabladanna, sem mest megnis eru
ómenntadir menn. Deilur um málefni
hafa oft ordid ad persónulegum
skömmum sem vöktu óvild á milli
hlutadeiganda, svo þeir gátu ekki starfad í
sameiningu. ~~[illegible]~~ Vjer erum svo
margir med því marki brendir ad vilja
ekki láta undan fyr en í fulla hnefana.
Það er þessi gamli víkingsandi, sem einstá-
rádir svo oft gjördum vorum, en sem

vanalega leidir oss á glapstigu og það
er gefur honum ad koma ~~fr~~ ad menn
lenda í rifildi, hvort sem það er í
opinberu bladi eda munnlega.
Ad vega aldrei: eru einkunnarord sem
allt of margir fylgja; eda finnst ydur
það nokkur sómi fyrir hvern sem er, ad
halda dauðahaldi í skodun sína, eftir
ad búid er ad sanna ad hún sje röng.
Ef hann er svo glámskygn ad ómögulegt er
ad sannfæra hann, þá er áreidanlegt
best fyrir hann ad geyma þessa skodun
sína þar sem enginn sjer hana, eda
það væri, ad mínu áliti betra en ad
verja hana med persónulegum skömmum
hversu vel sem þær eru ordadar.

„En til þess eru vond dæmi ad varast
þau", og svo framarlega sem oss lestrarfjelags-
mönnum sje það áhugamál ad Viljinn
haldi tilverunni áfram, þá verdum vjer
ad reyna ad sigla fyrir þetta sker—

reyna að ræða málefnin án hita, og verja skoðun vora með skynsamlegum rökum, en varast að fljetta inn í hana persónuleg hnífilyrði til mótstöðumanna því þó vjer máske getum slegið þá útaf laginu í bráðina, þá er það okkur ekki til neins sóma. Höfum það hugfast, að ef vjer lendum í rifrildi þá gefum vjer óvinum ~~svita~~ Viljans höggstað á honum, sem vjer megum reiða oss á að verði notaður, en það ættum vjer að varast af fremsta megni. — Nei reynum heldur að gjöra Viljann svo úr garði, að hann sanni þeim það, að sveitablöð geta bæði orðið til nytsemdar og skemmtunar. Jeg enda svo þessar fáu línur með þeirri ósk og von, að Viljinn endi ekki síðustu ferð sína í vor með því að einn af beztu meðlimum fjelagsins segi sig úr því, fyrir hans tilstilli, einsog í vor sem leið.

Jónas Jónasson

Um
hjátrú og hindurvitni:
—y—

Eins og mörgum er kunnugt var hindurvitnatrú, álfatrú, draugatrú og útilegumannatrú í mestum blóma sínum hér á þessu landi á 17. öldinni. Lestrarfélagsmönnum er þetta vel kunnugt, því að þeir hafa lesið um hjátrú á 17. öldinni í Landfræðissögu Þorv. Thóroddsens. Þeir muna víst flest-allir eftir píslarvættissögu séra Jóns Magnússonar á Eyri við Skutulsfjörð, og öllum þeim feikna ~~draug~~ draugagangi sem þar er lýst. Fólkið hafði ekki viðþol á rúmunum sínum fyrir ertingi og ásókn drauganna. — Vera má að séra Jón hafi verið einn meðal meiriháttar draugatrúarmannanna, en víðast hvar var þá þetta trúin; og menntu

mennirnir voru engu betri; það sýnir
meðal annars síra Páll Björns-
son í Selárdal, sem talinn hefur
verið lærðasti maður á Íslandi
á 17. öld. Hann var hinn ramm-
asti galdratrúar maður, og sótti það
afar-fast, að allir þeir, sem grunaðir
voru um galdur, væru dregnir
fyrir lög og dóm og brenndir á báli.
Sýslumaðurinn Þorleifur Kortsson
í Strandasýslu, fékk einna bestan
orðstír allra valdsmanna fyrir dugn-
að sinn og framkvæmdir, en dugn-
aðurinn og framkvæmdirnar voru
ekki minnst í því fólgnar að leita
uppi þá, er grunaðir voru um
mök við kölska með fjölkyngi
og láta brenna þeim í bálið.
Svartasti bletturinn í sögu 17. aldarinnar
eru þó galdrabrennurnar. Það er

hörmung að hugsa til, að menn hafi
verið brenndir lifandi vegna ein-
tómrar vitleysu, sem öll þjóðin
var kvalin af. En svo var, 25 ~~menn~~
menn voru brenndir, eða 23 eftir
því sem Thoroddsen segir (á árunum 1625–90). Talan er
að vísu ekki há, en hárið rís þó
á höfði manns, er maður hugsar um
þessa andstyggð. Ekki var það Ísland
eitt, sem þoldi þenna ósóma – þvert á
móti; vér fengum hann sendan
hingað frá útlöndum. Á Þýskalandi
hófust galdrabrennur, fluttust þaðan
til Danmerkur og svo frá Danm.
og hingað. Það var sannarlega fátt, sem
gæfum oss gafst frá Dönum á 17. öld-
inni, en hið versta var þó versl-
unareinokunin og galdrabrenn-
urnar.

18. öldin bætti þó það úr skák, að
hætt var að brenna galdramenn og
var álitið nægilegt að ~~bren~~ refsa
þeim og setja þá út af sakrament-

inn. En hjátrúin var mögnuð allan
þann tíma, og á 17. og 18. öldinni
hafa myndast flestar draugasögurnar
sem vér lesum nú í þjóðsögum
vorum. Með komu 19. aldarinnar
dofnaði talsvert yfir galdratrúnni
og draugatrúnni; að minnsta kosti
lét þjóðtrúin sér að miklu leyti
lynda með þá drauga, sem þá voru
til orðnir. Hætt var að bæta fleirum
við. Menn voru seinir hættir við að
vekja upp drauga, að minnsta kosti,
þegar kemur fram um miðju 19. ald-
ina, og nokkru fyrr. Hið sama sem
sagt er um draugatrúna má segja
um ~~að~~ álfatrú og útilegumanna-
trúna. — ~~Að~~ Þær voru í blóma sínum
alla 17. og 18. öld og fram á fyrstu tugi
19. aldarinnar. En sérstaklega fékk
útilegumannatrúin banasár sitt við
könnun hálendisins á Íslandi [á 19. öld]; þegar

það upplýstist, að hinar svonefndu
útilegumanna-byggðir væru hvergi
til nema í ímyndun manna, að
óbyggðirnar á Íslandi væri jökli
þaktar og öræfum, þar sem ekki fengi
titlingur í nef sitt. ~~Að~~ Að minnsta
kosti hafa allir hugsandi menn
sannfærst um, að tilvera útilegu-
manna, eptir því sem henni var
haldið! Þjóðtrúnni, ~~var~~ var ómögulegt
þar fengust vísindalega sannanir, sem
öllum voru áþreifanlegar; það var fá-
viskan ein, sem gat haldið í
hana. Geta skal þess þó, að úti-
legumannatrúin er víst, að svo
miklu leyti sem jeg þekki til sér-
staklega íslenzk, enda getur slík
trú ekki myndast nema í strjál-
byggðum fjöllóttum löndum, og
að líkindum er hún langyngst af
þessum þremur hjátrúar-tegundum
að minnsta kosti man jeg ekki til
þess, að jeg hafi séð neinsstaðar get-

ið um hana í forsœtum varm; en
því er einsog menn þekkji allt öðru
vísi verið með draugatrúna glöggt.
álfatrúna sömuleiðis. Það sem annars
sérstaklega hefur gefið tilefni til þess
að útilegumannatrú myndaðist hefir
án efa verið, að sakbornir menn lögð-
ust stöku sinnum út til þess að
reyna að umflýja refsivönd laganna,
sérstaklega þekkir hvert mannsbarn
~~Fjalla~~- Fjalla-Eyvind og hyski hans. –
Svo kom ímyndunarkraptur þjóðar-
innar, og hinir frábæru þjóðsagna-
hæfileikar hennar og drápu í skörðin,
bjó til heila útilegumanna þjóðfélög
upp á háöræfum, svo að landið
okkar var ekki framar strjálbyggð-
asta landið í Evrópu, það hafði marga
íbúa, þegar byggðir voru saman mennsk-
ir menn, útilegumenn og tröll. ~~Álfa~~ –
Álfatrúin virðist jafnvel hafa átt
við bestu lífskjörin að búa, það er

í rauninni ljómandi gullfalleg
trú, hefir eitthvað barnslega einfalt
og saklaust við sig. Að hugsa sér að
næstum hver einasti steinn, og hver
einasti hóll sé híbýli af lifandi
verum, það er mikilfengleg og skáldleg
ímyndun. Álfatrúin er því ofur lífseig.
Það er eitthvað svo skemmtilegt, að
hugsa sér þessar huldu verur ferðast
með manni úti og inni, og jafnvel
koma og liðsinna manni, þegar eitt-
hvað mikið liggur á. Á 19. öldinni
hafa því eigi myndast all-fáar álfa-
sögur, þótt allt af fari að bera minna
og minna á þessum verum eftir ~~því~~, sem
dró lengra fram eftir öldinni.
En hvers vegna hefir þetta allt dofn-
að? Ég gat þess um útilegumanna-
trúna, að hún hefði ekki staðist
landfræðisrannsóknir í óbyggðum Ís-
lands, þekkingin á þeim hefði rýmt
henni braut. Mergurinn málsins
er, hún þoldi ekki ljós upplýsingar

heimi; hún hvarf, þegar blessuð sólin skein á hana. Það fór fyrir henni eins og segir um nátttröllið í þjóðsögum hana dagaði uppi, þegar birti af degi. Hún varð að dauðum steini, hún varð að dauðum bókstaf, sem sýndi oss ekki það sem var, heldur það sem menn höfðu haldið að væri. Eins er því varið með drauga- og álfatrúna, hún á örðugt uppdráttar eptir að aukin menntun leiddi sannleikann í ljós, hún fær ofbirtu í augun, hún getur ekki annað en numið staðar, og bíður þar hins sama dóms-atkvæðis, sem útilegumanna- og tröllatrúin. —

Álfa- og draugatrú er langt frá því, að vera algjörlega horfin úr meðvitund almennings, en hún er stödd á ferð sinni, hún á nú ekki nærri því eins góðum viðtökum að mæta í huga manna eins og hún átti fyrir hálfri öld síðan, það [illegible] ekki því lengra fram! Hjátrúartímann

Segi nú einhver, að hvorki hafi verið, sé, né verði til draugar og álfar, þá stendur margur ~~og~~ mjög efablandinn gagnvart þeirri sögn. Menn ~~Mönnum~~ eiga bágt með að skilja, að allar þessar sagnirnar um Sporgeirsboða og Skottu séu tóm lygi: Hvað gat mönnunum gengið til þess að vera að ljúga þessu upp? spyrja menn. En vanalega er hér um enga lygi né þretti að ræða. Það eru menn, sem sáu drauga eða urðu varir við þá, samt það væri svo; en þegar sterk ímyndunin er annars vegar, þá geta tilfinningarnar opt svikið mann. Og víst er það, að eigi maðurinn [illegible] á því, að draugur sé í þessu eða hinu horninu, þá er ekkert líklegra en að hann verði var við hann, því að hans eigin ímyndun skapar hann.

Það er ótal margt í náttúrunni umhverfis oss, sem vér getum ekki skilið. En miklu betur skiljum vér nútíðarmenn öflum náttúrunnar en forfeður vorir gjörðu. Það ~~X~~ er þekkingin á náttúr-

inni, sem gert hefir 19. öldina frægasta
af þeim öldum, sem sögur fara af, og
einmitt við þekkinguna á náttúruöfl-
unum hefir hjátrúin sumpart horfið
sumpart fengið allt annan blæ, allt
annan búning. Áður trúðu menn því,
að sólmyrkvar, halastjörnur og fleiri
óvanalegir fyrirburðir, boðuðu einhver
mikil tíðindi; drepsóttir, hallæri, lát
merkismanna o.frv. Þetta gerðu menn
meðan þeir vissu ekki, hvernig á þess-
um fyrirburðum stóð. En svo komu vís-
indin og sýndu oss orsakirnar til þess,
að sólin myrkvaðist og halastjörnur
komu í ljós, sýndu að þetta skeði samkv. ~~eptir~~
föstu ákveðnu lögmáli; sem himin-
hnettirnir ganga eptir, og sem ekki standa ~~stóð~~
í hinu minnsta sambandi við það
sem gerist ~~gerðist~~ hér á jörðunni. Svo hvarf
þessi trú, og nú verður enginn var við
að sólmyrkvi og halastjarna ~~hef~~ boði
neins konar tíðindi á jörðu. Menn
fóru enn lengra í þessu: Ýmislegt

lögun eða mynd skýjanna á himnin-
um boðaði stundum stórtíðindi: Um slíkt
má opt lesa, t.d. ~~um~~ fyrirburðinn
sem maðurinn í Njálu sá fyrir Njáls-
brennu: Mann ríðandi á hesti í lopt-
inu og brann eldur úr vitum hans. Þetta hefir auð-
sjáanlega ekkert verið annað en
roðið ský.

Allt bendir þannig til þess, að vanþekk-
ingin á lögmáli náttúrunnar hafi
verið sterkasti þátturinn í hjátrúarvefn-
um. Þegar menn ekki skildu hlutina
þá tóku menn að smíða, gera sér
hinar og þessar hugmyndir — þar til
þessar hugmyndir voru búnar að fá
alveg ákveðinn búning, voru orðnar
fast ákveðið kenningakerfi: Maður-
inn sitjandi út á einhverju leið-
inu í kirkjugarðinum, fylgjandi
vissu bölbæn, þar til hinn dáni
~~hann~~ jós upp moldinni, og flaug á
hann, eða álfurinn stóð rauð~~klæddur~~ klæddur
við steininn, og benti þeim
er fram hjá gekk að koma til sín

og erindið var að hjálpa konunni sinni sem lagi á gólfi, og gat ekki alið barnit nema mennskur maður legði hendur yfir hana.—

Hér ~~hefir~~ þjóðskáldskapurinn fengið sinn fulla búning, hann stendur hér alklæddur frammi fyrir manni, og það vantar nú að eins tækifæri til þess að sýna að hann sé sannur, og tækifærin gáfust næstum daglega, það vantaði ekki.—

En skáldskapur er það samt, og það verður oss ljóst af því, að hann þolir ekki birtuna, að hann þolir ekki rannsóknina þá, er skyggnist inn í sannleikann. Manni verður alveg ósjálfrátt að spyrja: Hvernig stendur á því að álfar sjást nálega aldrei á þessum tímum, þar sem vér vitum, að þeir voru næstum daglegir gestir í húsum manna á 17. og 18. öldinni og meira að segja þó nokkuð fram á 19. öldina? Eru þeir allir dauðir? Vilja þeir ekki lengur láta sjá sig? Hvers vegna eigum vér örðugra með að sjá þá, en forfeður vorir? Og svo: Er það hugsandi að holdi klæddar verur, því að það eru álfar eptir þjóðtrúnni — (þeir geptust mönnum, eiga börn með þeim o.fl.) geti búið í samfeldum steinum og hólum? Því að, þó að við tökum einhvern álfhólinn og grefum í hann í sundur, og sprengjum sundur einhvern álfasteininn, þá mundi sú rannsókn leiða í ljós, að hér er um engan bústað að ræða. Álfatrúin hlýtur því að þoka fyrir þekkingunni, einmitt af því að hún er trú en ekki sannleikur. Mér er álfatrúin kær, mér hefir ávallt þótt hún fallleg, en samt verður að hún víkja úr meðvitund minni fyrir skýlausri skipun sannleikans. Jeg sé, að öll skynsamleg hugsun og ályktun segir eindregið, <u>að álfar séu ekki til</u>.—

Ekki fer draugatrúin betri útreiðina, þegar hún er krufin til mergjar.—

Eins og kunnugt er, voru draugarnir
~~vaktir upp~~ ~~voru draugarnir~~ tvenns-
konar: aptur göngur og uppvakningar.
Miklu mest kvað að uppvakningum
og skal jeg því sérstaklega beina athygli
lesandanna að þeim.

Þessi draugategund er tilbúin af
mönnum með tilstyrk Kölska. Til
þess að geta framkvæmt þetta ~~fyr~~ var
engum vegum nauðsynlegt að maður-
inn sem ~~upp~~ vakti upp drauginn
væri vondur, að eins það, hann varð
að hafa numið sérstaka vísindagrein,
sem nefnd var galdur. Prestar voru t.d.
almennt álitnir galdramenn, eða kunna
galdur. og sýnir það, að almenningur hugs-
aði sér engan veginn alla galdramenn
vonda, en lagði einkum áherzluna á þekk-
inguna. En þekkingin var optar fólgin í
því að kunna ýmsar þulur, og þekkja
~~ein~~ kennilega rúnastafi og teikn. Spurn-
ingin verður þá þessi: Hvernig stendur á
því, að þessi þekking hefur týnzt, þar
sem öll önnur þekking hefur auk-
izt og margfaldazt? Það svar

liggur mjög nærri hjá hverjum hugsandi
manni, að þetta hafi með engu móti
getað verið byggt á þekkingu heldur
á hindurvitnum. Manni dettur þetta
ósjálfrátt í hug, og vísindalegar og sögulegar
rannsóknir sanna, að þetta ~~er~~ hugboð
manns er alveg rétt. Vér þekkjum nú
á tímum mjög vel þessi töfrabrögð, vér
þekkjum galdrastafina, galdraþulurnar,
svo að alls ekkert er því til ~~hindrunar~~ fyrirstöðu
að nútíðarmenn gætu hagnýtt sér við
gömlu athafnir sem forfeður vorir gerðu,
gátu vakið upp drauga, séð þjófa, gert
náunganum mein á ýmsan hátt. En
reynslan sýnir, að þessir töfrastafir og
galdraþulur hafa engan slíkan mátt, eru
ekkert annað en meinlausir stafir og
þulur, og þá stundum bölbænir, sem
helzt mundu bitna á þeim sjálfum, er hefðu
~~þá~~ þær um hönd, valda þeim vondar sam-
vizku, en geta engin áhrif haft í aðra
átt! frá. Hér eru því komnar svo öflugar
sannanir, sem hægt er að fá fyrir nokkrum

hluti, að þetta sé en tóm heimskubrögð og bábiljur, sem að eins geti alizt og dafnað fyrir áhrif heimskunnar og trúgirninnar. Það liggur líka í augum uppi, hve fávíslegt er að hugsa sér, að hægt sé að taka heila úr dauðum manni og gera úr því lifandi veru, að hægt sé að taka dauðan kálf og gera hann svo vel lifandi, að hann geti enzt í marga aldir. Skárri er það náttúran! Öll afreksverk vísindamannanna á 19. öld. komast ekki í neinn samjöfnuð við slíkt! Og má ekki eins vel taka steininn, spítukubbinn eða hvern annan dauðan hlut og gera hann lifandi? Það hlýtur þó að vera sama lögmálið hvað eins og t. d. mannsrifið. Það er meira en undarlegt, að nokkrum manni hefi dottið í hug slík vitleysa, en allra undarlegast er þó, að enn þann dag í dag skuli þó vera til mjög margir skynsamir menn, er haldið geti fram

slíkri fávizku. Það er kominn meira tími til þess, að þjóðin losni alveg við þessa trú, því að hún er ekki að eins sannleikanum fjarstæð, og stendur í vegi fyrir hleypidómalausri þekkingu á lögmáli náttúrunnar, hún er líka skaðleg fyrir margra vellíðan. Hún hefir afar-ill áhrif á taugaveiklað fólk. Það sýndi sig bezt á 17. öldinni, þá lögðust margir í rúmið og biðu dauðann af henni, og fjöldamargir urðu vitstola.

Hættið þessari heimsku. Foreldrarnir skyldu steinhætta að tala um drauga við börnin og segja þeim afdráttarlaust, að þeir hefðu aldrei verið til, og þegar það er hugfest á meðvitund þeirra munu þau aldrei sjá neinar draugasjónir, því að það er ímyndunin ein sem hefir skapað þá, og slíkar verur hafa aldrei verið á ferð um jarðríki.

Björn Jónsson.

# Athugaverð lærdómsfýsn

Ég hef oft hugsað um það, hver mundi vera aðal ástæðan, til þess að menn sækja svo mjög á latínuskólann, eins og menn gjöra. Eðlilegasta ástæðan væri auðvitað sú, að menn með því að ganga þá leið, hefðu helzt trygginguna fyrir því, að ná sér í góða stöðu síðar í lífinu. Ég hef velt þessu fyrir mér, og komist að þeirri niðurstöðu, að þessi ástæða mundi ekki vera byggð á góðum rökum.

Flestir, sem fara á latínuskólann, fara á hann í þeim tilgangi, að halda áfram námi, unz þeir hafa tekið embættispróf. Hinir munu vera mjög fáir, sem ganga á hann, til þess að verða bændur, er þeir hafa útskrifast af honum, enda er það ekki von. Menn, sem ganga á latínuskólann eru búnir eyða bæði

miklum tíma og peningum, þegar þeir hafa lokið námi á honum, en eru litlar eða engu nær, til þess að verða bændur og reisa bú, en áður, enn þeir fóru.

En hverjar horfur eru á því, að allur sá sægur manna, sem ganga embættisveginn komist í embætti? Ég vil segja að þær séu mjög litlar. Embættin eru auðvitað mörg hér á landi já og allt of mörg í samanburði við fólksfjölda, en samt er svo komið að fjölda marga mörg embættismannaefni, einkum lögfræðingar eru í Kaupmannahöfn, sem hvergi fá embætti hér á landi, og verða annaðhvort að vera gjörðalausir, eða sinna starfi, sem þeir hafa lítið upp úr. Já! margir leiðast út í svall, drykkjuskap og verða að ómennum fara af því, að þeir sjá að það er að vinna fyrir gíg að halda áfram námi og að mjög getur verið undir hælinn lagt, hvort þeir

komist í embætti.

Við þetta bætist nú, að þeim fer allt af sífjölgandi, sem ganga ~~þar~~ lærdaveginn og þar af leiðir líka, að tala þeirra, sem ekki ná í embætti fjölgar að sama skapi. Mér finnst ég því vera búinn að færa næg rök fyrir því, að menn fjölmenna ekki vegna þess á latínuskólann, að sá vegur sé mjög lífvænlegur.

Önnur ástæðan, ~~til þess~~ sem jeg hef heyrt menn segja, að væri til þess að svona margir fara á latínuskólann, er sú að menn fengju hvergi annarsstaðar hér á landi nokkra fullkomna menntun.

Ég fyrir mitt leyti er á því, að þessir menn hafi allmikið til síns máls. Menntun sú sem menn fá á búnaðar og gagnfræðisskólunum er held jég meiri í orði, en á borði. En ég vona að bráðlega verði ráðin bót á þessu, þegar gagnfræðis skólinn á Akureyri kemst á laggir (uppþ.)

Sá skóli ætti að veita mönnum nálega ~~sins~~ mikla realfræðslu, sem latínuskólinn. Náms tíminn verður að vísu ~~nær~~ ~~því~~ helmingi styttri á Akureyrarskólanum, en hann kennir mönnum eingöngu realfögin, þar sem latínuskólinn ver nær ~~því~~ því helmingnum af náms tímanum til latínu og grísku kennslu.

En nú munu menn spyrja, hafa þeir sem ganga á Akureyrar skólann nokkrar líkur, til þess að ná á arðvæna stöðu er þeir hafa lokið námi?

Þeir geta reyndar hvorki orðið prestar, læknar, sýslumenn, eða aðrir embættismenn. En eru ekki til aðrar vænlegar atvinnugreinir?

Jú! fyrst og fremst bændastaðan.

Menn kunna að segja, að hún sé ekki sem arðvænlegust nú sem stendur, og það er líka satt. En það mun vera í vafa um að þessi staða, er hyrningarsteinn undir hinum embættunum og ætti því

at vera höfd í hávegum og róid veri at
því öllum árum, at hún yrdi gjörd
lífvænleg og búskapurinn yrdi efldur.
En á hvern hátt eigum vid at efla hann?
Fyrsta skilyrdit til þess at vid getum eflt
hann, er þat, at vid höfum vit á, hvernig
vid eigum at vinna jördina, til þess at
fá, sem mest uppúr henni.
En til þess útheimtist menntun.
Þá menntun getum vid aflat oss med
því at ganga á realskóla (helzt á Akureyra-
skólann tilvonandi) og sigla sídan til Noregs
eda Danmerkur og kynna oss þar búnadar-
háttu á fyrirmyndarheimilum, vid þurftum
ekki at verja meir, en ári í siglinguna.
Menn segja ef til vill at þetta sé ókleift
vegna kostnadar, en ég játa þat, at þat
yrdi dýrt og kanske dýrara, heldur en at
ganga á lærda skólann, en menn verda
at taka tillit til þess at tíminn er tveimur
árum styttri, sem menn verja til þess

heldur en latínuskóla námit og enn fremur
en þeir, sem ganga þessa leid, ordnir
praktisk menntadir menn og vel hæfir
til þess at reisa bú, sem hinir eru lítt
hæfari til, en ádur en þeir fóru.
Ég vildi óska þess, at menn íhugadu
þetta mál vandlega og sæju at þeir
hafa ekki fulla tryggingu fyrir því
at sonum þeirra vegni vel sídan
í lífinu, þótt þeir sendi þá á latínu-
skólann. Ekki mega menn samt
skilja ~~af~~ þessar línur mínar svo at
ég vilji ekki láta neina ganga stund
~~hin~~ adri vísindi. Nei! þat er fjærri
því. Mér þætti hóflegt at tala nemenda
lærdaskólans væri frá 50–60, en nú
er hún um 100. Þat sér hver heilvita
madur er allt of mikit. Á þat væri
því æskilegt at eftirleidis færu þessir
40 nemendur, sem mér finnst vera ofaukin
á latínuskólanum adra leid, annathvort
þessa, sem ég benti á hér adan, eda adra

kugfeldari.

Ejg ætla svo ekki að þreyta lesenda Viljans með lengri grein, en þið menn[að] virða mér til vorkunnar, þótt greinin sé miður vel rituð og óskipu lega samin, því að á mér sannast það fornkveðna „að fáir eru smiðir í fyrsta sinn.“

Guðbrandur Björnsson

„Maður horfðu þjer nær
liggur í götunni steinn“ B.Th.

Vjer höfum allir lesið lögmál það
með letri skráð á línum af ei mönn-
að ekkert getur staðið traust í stað
á storðu, sem að frost og eldur þjá.

Því tímans straumur tekur allt með sjer
og tillir sumum uppá fjallið háa,
en einatt hina langt til baka ber,
sem bara vildu uppá hálsinn lága.

En hvernig er þá ástatt fyrir oss?
Er unnið meir en hitt sem fyr var tapað,
og hefur tíminn fellt af hverjum krass,
sem kúgun, eymd og þekkt hafði oss skapað.
Nei! áleiðis vjer erum komnir skammt,
því öræfin þau hindra hulin klaka.
Já, því er ver að það er nær því jafnt,
sem þokast höfum áfram, og til baka.

Því ennþá hefir deyfðin dáð og fjör,
sem dagsbrún sönn framfaranna kveikt:
því verður lífið mörgum kyluför,
og feikilega daprir sorgarleikir.

Og ennþá skipar hræsnin hæðsta sess.
Að hennar stóli ótal margir flana,
og syngja þar sín gömlu góðu vers
úr „grallaranum" bara af tómum vana.

Og ennþá ríkir sundrung seggjum hjá.
Í sjálfselskunnar flestir þramma vegi,
og þeim fræum aðeins niður sá,
sem ávöxt gefa strax á sama degi.

Og ennþá lifir hjátrú heimsk og forn
sem hrynda þyrfti bráðast fyrir skapa—
því ennþá sá menn marga myrkra korn
sem margra alda fáviska rjeð skapa.

Og ennþá trúa ótal margir því,
að örlög vilja kraptinn hjá oss beygi
og fjölu suma óláns hlekki í
og aðra styðji grýttum lífs á vegi.
Og síðast þegar dagur lífsins dvín,
þá drepur friðinn örvænting og gremja;
þeir trúa þá sín biði böl og pín
fyrir brot sem þeim var „ákvarð að fremja".

— . — . — . — .

Vjer megum lifa ljós og sannleiks il
ef lífið á að bjóða flestum meira.
en einlægt strit frá morgni myrkurs til
þar mesta launin eru kvöl og seira.
En það er ölið okkar mesta mein,
sem mörgu fyrirtæki bana veitir;
hvað handtök okkar eru dreifð og sein,
og annar stendur hinn þá kröptunum beitir.

Því opt er byrjuð bygging feikna há,
og byggt af kappi allan fyrsta sveip:
en svo er hætt og öðru byrjað á,
sem eins fljótt hverfur niðrí gleymsku seimu.

Því löngunin er lifnuð flestum hjá
að lýsa og bæta öll hin gömlu hreysi;
en framkvæmdirnar stranda (stemma þá) á;
eigingirni, deifð og slepnu legsi.

En þetta verðum vjer að laga fljótt
og vekja þá sem enn í náðum sofa
þá mun fara fyrst að birta af nótt
og fram á veginn ofurlítið rofa.
Göngum síðan undir merki eitt,
með öflgum karlmannshug og sinni glöðu,
förum hægt, og hættum ei við neitt
sem hafið var á fjellri undirstöðu.

Þ[...] gráa Íslands öldnu sár
[...]ár klæðast grænum feldi.
[...] þerri harma tár,
[...]ast hjer í klakans veldi.

Jónas Jónasson

# Auglýsingar

Hinir heiðruðu lestrarfjelagsmenn eru beðnir að minnast þess, að þeir áttu að skila öllum bókum fjelagsins sem voru í láni – í dag (7. des.)
Þeir sem hafa bækur í láni eru því vinsamlegast beðnir að skila þeim sem fyrst til þess að hægt verði að semja bókaskrá, yfir bækur fjelagsins [illegible] síðasta fundar. Miklabæ 7 des. 1902
Elinborg Bjarnadóttir.

...eitna há,

Hjá undirskrifuðum fyrsta Sveit-
bækur: ...ráð á,

Um barna uppeldi eptir glegmst...
íslenskað af Sigurbirni Á. Gíslasyni seinna.
verð 35 aurar sjá

Stafrófskver eptir J. J. verð 55 aurar

Sumargjöfin (þrjár sögur) verð 20 aur.

---

Um barna uppeldi, er skrifað af þýskum presti sem er nafnfrægur orðinn af ritstörfum sínum, og eru bækur hans þýddar á flest tungumál Norðurálfunnar. Ekki hef jeg sjeð annað eptir hann á íslensku en þetta litla kver, en jeg skal ábyrgjast [illegible], að engan sem kaupir það mun iðrast eptir því.

Stafrófskverið er ómissandi eign